



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginleg ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Samkomulag sveitarfélaganna

Samþykkt 19.05.2014



Samkomulag um sameiginlega ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður og Mosfellsbær (hér eftir nefnd sveitarfélögin) gera með sér svofellt samkomulag um ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Skyldur sveitarfélaganna

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum og leiðbeinandi reglum velferðaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 1. febrúar 2012 og reglum um skólaakstur grunnskóla nr. 656/2009 skulu sveitarfélög veita fötlúðu fólki kost á ferðapjónustu með það að markmiði að þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna skerðingar sinnar sé gert kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómtunda, auk aksturs á þjónustustofnanir.

Samræmi milli sveitarfélaga og hagkvæmni

2. gr.

Litið er á höfuðborgarsvæðið sem eitt búsetusvæði og eitt atvinnusvæði með sameiginleg grunnkerfi og er ferðapjónusta fatlaðs fólks eitt þeirra. Með sameiginlegri ferðapjónustu verði stuðlað að samræmi milli sveitarfélaga og fötlúðum einstaklingum gert kleift að fara allra sinna ferða og til að tryggja sjálfstæði þeirra í þeim efnum með sem hagkvæmstum hætti.

3. gr.

Með sameiginlegri samræmdri ferðapjónustu verði tryggt að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu, nám og notið tómtunda og afþreyingar gegn viðráðanlegu gjaldi. Ennfremur verði fötlúðu fólki gert kleift með þessum hætti að nýta þjónustustofnanir og aðra þjónustu.

Stýring verkefnisins og umsýsla

4. gr.

Samráðshópur félagsmálastjóra ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu. Hann skal skipaður einum fulltrúa úr hverju sveitarfélagi. Verkefni samráðshópsins er að stuðla að góðu samstarfi og móta *sameiginlegar reglur um þjónustupætti og þjónustustig fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu*, en sveitarfélögin ákvarða hvert um sig þjónustustig og gjaldskrár. Einnig fjallar hópurinn um breytingar sem verða á lagaumhverfi þessa málaflokks og áhrif þeirra, þjónustugjöld, kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og gjaldskrá grunnþjónustu við notendur eftir því sem við á. Heimilt er að setja þak á lengd ferða innan svæðisins og/eða miða greiðslur við lengd ferða. Samráðshópurinn leggur tillögur sínar fyrir stjórn SSH til samþykktar. Fulltrúi samráðshópsins skal eiga sæti í þjónustuhópi vegna umsýslu og akstursþjónustu. Samráðshópurinn kallar til sín fulltrúa notenda eftir því sem við á.

5. gr.

Sveitarfélögin eru sammála um að fela Strætó bs. umsýslu með rekstri ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samning þennan og *sameiginlegar reglur fyrir ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu*, ákvörðun sveitarfélaganna um fjölda notenda, fjölda ferða og aðra tilhögun þjónustu við þá. Fyrir þessa þjónustu greiða sveitarfélögin Strætó bs. umsamið þjónustugjald.

Sérákvæði

6. gr.

Kópavogsbær er aðili að þessum samningi. Kópavogsbær er með verksamning við akstursaðila um samskonar þjónustu sem gildir fram í júní 2016, verði hann ekki framlengdur í samræmi við efni hans. Kópavogsbær nýtir sér því ekki þjónustu Strætó bs. að svo stöddu og tekur því ekki þátt í kostnaðardeilingu þjónustugjalds Strætó bs. fyrr en hann nýtir þá þjónustu. Óski Kópavogsbær að nýta sér þjónustu Strætó bs., skal það gert með minnst sex mánaða fyrirvara vegna akstursútboðs og annars undirbúnings. Samningar Reykjavíkur og Seltjarnarness við Blindrafélagið haldast óbreyttir.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Ginn", "Eyk", and "Ala".

Kostnaður og kostnaðarskipting

7. gr.

Kostnaður sveitarfélaganna er annarsvegar þjónustugjald til Strætó bs. vegna reksturs þjónustuvers, útboðs og eftirlits með verkötum, sem og reikningsgerðar og innheimtu hjá sveitarfélögunum og notendum þjónustunnar. Kostnaður vegna þessarar þjónustu skiptist milli þeirra sveitarfélaga sem nýta þessa þjónustu miðað við íbúafjölda í janúar ár hvert.

Hinsvegar greiða sveitarfélögin Strætó bs. verktakakostnað samkvæmt útboði, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags. Aksturskostnaður skiptist milli sveitarfélaganna miðað við skráða notkun.

8. gr.

Notendur greiða gjald fyrir ferðaþjónustu samkvæmtgjaldskrá sveitarfélags þeirra.

Gildistaka


9. gr.


Samkomulag þetta og síðari breytingar á því skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að því og tekur það gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það.


Reykjavík 19. maí 2014

Fh. Hafnarfjarðar



Fh. Garðabæjar


Fh. Kópavogsbæjar


Fh. Reykjavíkurborgar



Fh. Seltjarnarnesbæjar


Fh. Mosfellsbæjar



Fylgiskjal I

Sameiginleg ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu



G. Jónsson
Jón Jónsson
Ors
Hle